

Nd.

441. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist á þessa leið:

Greiða skal árlega $\frac{1}{2}\%$ gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir i 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma.

Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, er hefur á hendi stjórn hans og reikningshalds.

Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum. Skulu samböndin verja þessu fé til jarðræktar og annarra félagslegra framkvæmda á sambandssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.